

Ed.

772. Breytingartillögur

[342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SDK).

1. Við 3. gr. bætist tvær nýjar mgr. er orðist svo:
 - a. B-liður 1. mgr. 30. gr. laganna breytist þannig:
 1. Í stað orðanna „hjá einstaklingi og 114 750 kr. hjá hjónum“ í 1. másl. 2. tölul. komi orðin: hjá hverjum manni.
 2. Í stað orðanna „hjá einstaklingi og 91 800 kr. hjá hjónum“ í síðari másl. 4. tölul. komi orðin: hjá hverjum manni.
 - b. 3. mgr. 30. gr. laganna breytist þannig:

Orðin „eða meira ef um einstakling er að ræða en 18 360 000 kr. ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut“ í lokamálslið falli niður.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Eftirtaldar breytingar verði á 63. gr. laganna:

 - a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo:

Hvoru hjóna um sig ber að telja fram tekjur sínar skv. 7. gr. Frá þessum tekjum skal síðan draga frádrátt skv. 30. gr.
 - b. 2. tölul. 1. mgr. falli niður.
 - c. 2. og 3. mgr. greinarinnar falli brott.
3. Á eftir 7. gr. komi ný gr. svohljóðandi:

64. gr. laganna orðist svo:

Barnabætur skv. 69. gr. skulu skiptast milli hjóna og miðast við tímabil framfærslu-skyldu. Sé svo ástatt að annað hjóna er skattskyldt hér á landi skv. 1. gr. en hitt ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skal hið fyrrnefnda njóta helmings barnabóta skv. A-lið 69. gr. eftir því sem við á.

Ákvæði fyrri málsgreinar skulu eiga við um karl og konu sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.
4. Við 8. gr. Framan við greinina bætist ný mgr. svohljóðandi:

Orðin „skattlagðir sem“ í fyrri mgr. 65. gr. laganna falli niður.
5. Við 10. gr.
 - a. 2. másl. 2. efnismgr. A-liðar orðist svo: Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður.
 - b. 3. og 4. másl. 2. efnismgr. A-liðar falli brott.
 - c. Við greinina bætist nýr stafliður, C, svohljóðandi:

Námsmenn, sem ljúka námi á því ári sem þeir verða 20 ára eða síðar og tekið hafa verðtryggð námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, skulu njóta sérstaks afsláttar, námsafsláttar, er veittur skal frá tekjuskatti í eitt ár talið frá og með 1. næsta mánaðar eftir að námi lýkur. Námsafsláttur skal vera 1500 kr. á mánuði. Hefji maður, sem notið hefur námsafsláttar, nám að nýju skapar það nám ekki rétt til skattafsláttar.

Í stað þess að draga námsafslátt frá álögðum tekjuskatti vegna tekjuársins getur fjármálaráðherra ákveðið að ríkissjóður greiði þeim sem rétt eiga á námsafslætti ársfjórðungslega á tekjuárinu fjárhæð sem svarar til áunnins námsafsláttar, þó aldrei hærri fjárhæð en viðkomandi hefur sannanlega greitt upp í tekjuskatt samkvæmt

lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Greiðsla samkvæmt þessari málsgrein skal koma til frádráttar námsafslætti við álagningu tekjuskatts. Nánari reglur um framkvæmd samkvæmt þessum staflíð, svo sem um skilyrði fyrir útborgun á móti staðgreiðslu, vottorð og þess háttar, skuldajöfnun á móti vangoldnum opinberum gjöldum o.fl., skulu settar í reglugerð.

6. Við 11. gr.

a. Í stað „12 625 kr.“ og „18 910 kr.“ í 1. og 2. mgr. 1. tölul. A-liðar komi: 24 900 kr. og 37 295 kr.

b. Í stað „3. mgr. 63. gr.“ í síðari másl. 6. mgr. 1. tölul. A-liðar komi: síðari mgr. 64. gr.

c. 1. tölul. 1. mgr. B-liðar orðist svo:

Viðkomandi búi í fbúð sem telst ófullnægjandi miðað við fjölskyldustærð hans samkvæmt reglum sem húsnæðismálastjórn setur þar um.

d. Í stað „3. mgr. 63. gr.“ í 5. mgr. B-liðar komi: síðari mgr. 64. gr.

7. Við 18. gr. Í stað orðanna „tvisvar á ári“ í 1. efnismgr. komi: mánaðarlega.